

Ed.

867. Frumvarp til laga

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 406 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Í lögum bætist ný grein á eftir 37. gr. Hin nýja grein verði 37. A. grein og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómendur telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal dómari skipa 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrir. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða tóku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómara, eða tvo embættisdómara. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómari hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómendastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

5) Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru: nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks máls eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómenda, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómenda.

7) Þegar meðdómari tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómara, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.